

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um stöðu lögreglumála í Árnassýslu.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hversu margir lögreglumenn í Árnassýslu stóðu vaktir 1997, hversu margir þeirra höfðu lokið námi í Lögregluskólanum og hver er staðan núna?
2. Hver hefur verið fjölgun íbúa á sama svæði á þessum tíma, þ.e. árin 1997–2000:
  - a. íbúa með fasta búsetu, heildarfjölgun og skipt niður á ár,
  - b. íbúa í sumarhúsabyggð, heildarfjölgun og skipt niður á ár?
3. Hver hefur verið fjölgun skráðra bifreiða í lögregluumdæminu 1997–2000, heildarfjölgun og skipt niður á ár?
4. Hversu mörg afbrot voru framin í umdæminu 1997–2000, skipt eftir árum og brotaflokkum?
5. Hver hefur árleg fjölgun stöðugilda í lögreglunni verið á sama tíma?
6. Hver hefur verið þróun fjárveitinga á þessum árum, skipt niður á ár?

Skriflegt svar óskast.